

Verðlagsskrá

sem gildir í

Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað

frá miðju maímánaðar 1888 til jafnlengdar 1889.

		Krónumynt		Hundrað		Alin	
		krón.	aur.	krón.	aur.	kr.	aur.
<i>A. Friður peningur:</i>							
1.	1 hndr., 1 kýr í fardögum, ekki yngri en þrjúvetur og ekki eldri en 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvemberloka	88	68½	88	68½	»	74
2.	— 6 ær, ekki yngri en tvævetrar og ekki eldri en 6 vetra, loðnar og lembdar í fardögum hver á	11	61	69	66	»	58
3.	— 6 sauðir á hausti, þrjúvetrir eða 4						
	vetra eða 5 vetra — -	12	44	74	64	»	62
4.	— 8 — - — tvævetrir	11	02	88	16	»	73
5.	— 12 — - — veturgamlir	7	20½	86	46	»	72
6.	— 8 ær - — geldar	9	45½	75	64	»	63
7.	— 10 — - — mylkar	6	33	63	30	»	53
8.	— 1 áburðarhestur í fardögum, taminn, ekki yngri en 5 vetra og ekki eldri en 12 vetra	48	42	48	42	»	40
9.	90 álnir, 1 hryssa jafngömul	40	63	54	17	»	45
<i>B. Ull, smjör og tólg:</i>							
10.	1 hndr., 120 pund af hvítri ullu, vel þveginni 1 pund á	»	58½	70	20	»	58½
11.	— 120 — - mislitri — — — — —	»	41½	49	80	»	41½
12.	— 120 — - síru smjöri vel verkuðu - — -	»	53½	64	20	»	53½
13.	— 120 — - tólg, vel bræddri	»	25	30	»	»	25
<i>C. Tóvara af ullu:</i>							
14.	1 hndr., 30 pund hespugarns, og sju 3, 4, 5 eða 6 hespur í pundi, haldi hver 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . 1 pund á	»	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka par -	»	»	»	»	»	»
16.	— 30 — tvinnabands gjaldsokka	»	43	12	90	»	11
17.	— 120 — tvíþumlaða sjóvetlinga	»	19	22	80	»	19
18.	— 20 eingirnispéisur hver -	»	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvinnabands gjaldpeisur	»	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs 1 alin -	»	96½	115	80	»	96½
21.	— 120 — gjaldvoðar-einskeptu, sem er alin eða 5 kvartil á breidd	»	80	96	»	»	80
<i>D. Fiskur:</i>							
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski 1 vætt á	8	17	49	02	»	41
23.	— 6 — - hörðum fiski	9	21½	55	29	»	46
24.	— 6 — - smáfiski	7	91	47	46	»	40
25.	— 6 — - ísu	7	60	45	60	»	38
26.	— 6 — - hákarli hertum	8	21	49	26	»	41
<i>E. Lýsi:</i>							
27.	1 hndr., 1 tunna hvallýsis 8 pottar á	2	66	39	90	»	33
28.	— 1 — hákarlslýsis	1	81	27	15	»	23
29.	— 1 — sellýsis	1	70	25	50	»	21
30.	— 1 — þorskalýsis	1	56½	23	47½	»	20

					Krónumynt		Hundrað		Alin		36 16. febr.
					krón.	aur.	krón.	aur.	kr.	aur.	
31.	1 hndr., 4	fjórðungar	nautsinnis	1 fjórð. á	13	12	52	48	»	44
32.	— 6	—	kýrskinnis	- - -	11	99½	71	97	»	60
33.	— 6	—	hrossskinnis	- - -	9	86	59	16	»	49
34.	— 8	—	sauðskinnis, af tvævetr.								
			sauðum og eldri	- - -	5	85½	46	84	»	39
35.	— 12	—	sauðskinnis af ám og								
			veturgömlum sauðum	- - -	4	40	52	80	»	44
36.	— 6	—	selskinnis	- - -	16	50	99	»	»	82½
37.	— 240	—	lambskinn (vorlamba)								
			einlit	hvert á	»	20½	49	20	»	41
<i>G. Ýmislegt:</i>											
38.	1 hndr., 6	pund af	æðardún vel hreinsuðum		1 pund á	14	64½	87	87	»	73
39.	— 40	—	—	—	—	»	»	»	»	»	»
40.	— 120	—	—	—	fjórð.	6	83½	82	02	»	68
41.	— 480	—	—	—	—	1	62½	78	»	»	65
42.	5 álnir	1 dagsverk	um heyannir		2	03	»	»	»	41
43.	- -	1	lambsfóður		4	12½	»	»	»	82½

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaaurum verður:

<i>Eptir A, eða í friðu</i>	72	13	»	60
— <i>B, — í ullu, smjöri og tolg</i>	53	55	»	45
— <i>C, — í tövöru af ullu</i>	61	87½	»	52
— <i>D, — í fiski</i>	49	33	»	41
— <i>E, — í lýsi</i>	29	01	»	24
— <i>F, — í skinnavöru</i>	61	64	»	51
<i>En meðalverð allra landaura samantalin</i>	327	53½	2	73
<i>og skipt með 6 sjna:</i>				
Meðalverð allra meðalverða	54	59	»	45½

Skrifstofu Norður- og Austurantsins, 16. febr. 1888.

Í umbodi herra biskupsins

J. Havsteen. Davíð Guðmundsson.

Brjef landshöföngja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu Barðastrandarsýslu í 2 sýslufjelög. — Samkvæmt 4. gr. laga 2. desbr. f. 21. febr. á, um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög, skal svo fyrir skipað sem hjer segir:

1. Skipting sú á Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög, sem fyrirskipað er með ofan-nefndum lögum, skal komast á 1. jan. 1889, og skal það vera komið undir ákvæði sýslunefndar þeirrar, er nú er, eða eptir atvikum amtsráðsins (sbr. 31. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar), hvort fram skuli fara á næstu manntalsþingum kosning á sýslunefndarmönnum í hinar nýju sýslunefndir, eða hvort sýslunefndarmenn þeir, sem nú eru, skuli sitja í nefndunum fyrir nýju sýslufjelögin án nýrra kosninga það sem eptir er af kjörtíma hvers þeirra.
2. Því sem hið núverandi sýslufjelag á til, að meðtöldu sýslugjaldinu 1888, svo og skuldbindingum þeim, er hvíla á sýslunni, skal skipt milli hinna nýju sýslufjelaga fyrir lok þessa árs. Skipti þessi skulu gjörð af sýslunefndinni, sem nú er, með samþykki amtsráðsins (sbr. sveitarstjórnartilsk. 43. og 52. gr.).
3. Sýslunefndin, sem nú er, skal hlutast til um, að samdar verði í tæka tíð handa hinum nýju sýslunefndarumdæmum áætlanir um tekjur og gjöld sýslufjelaganna á árinu 1889, svo sem fyrirskipað er í 40. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.